

# Kandídatar 2016 klárir í slaginn

Nýútskrifaðir læknakandídatar ársins 2016 heimsóttu Læknafélag Íslands og undirrituðu læknaeiðinn að hefðbundnum hætti ásamt því að vera boðin velkomin í LÍ af formanninum, Þorbirni Jónssyni. Í ávarpi sínu sagði Þorbjörn meðal annars að læknisstarfið væri afar samfélagslega mikilvægt og það hefði notið ákveðinnar virðingar í samfélaginu. „Það er þakklátt þegar allt gengur að óskum en umfram allt er það skemmtilegt og gefandi.“

Þorbjörn sagði ennfremur að hann legði sérstaka áherslu á að læknar temdu sér samviskusemi, vandvirkni og heiðarleika og að læknar legðu sig eftir því að hlusta bæði á sjúklinga og samstarfsmenn. „Ef við fylgjum þessum einföldu reglum held ég að menn hafi góðan grundvöll til þess að farnast vel í starfi um langa framtíð.“

Magnús Karl Magnússon forseti læknadeildar HÍ lagði áherslu á gæði læknanámsins í ávarpi sínu og kvaðst stoltur af því hversu vel námið stæðist samanburð við læknanám í þeim erlendum skólum sem þættu hvað bestir. Magnús sagði gæði íslenskrar læknismenntunar ekki síst fólgna í því að íslenskir læknar sæktu sérfræðimenntun sína til bestu háskólasjúkrahúsa, bæði austur um haf og vestur, og hvatti hina nýútskrifuðu kandídata til að feta í þau spor.

Fleiri góðir gestir úr hópi eldri og virðulegri lækna ávörpuðu hina ungu lækna og óskuðu þeim velfarnaðar á þessum tímamótum.



*Undirritun læknaeiðsins hefur verið ómissandi hluti af heimsókn nýútskrifaðra kandídata um áratugaskeið.*

*Samkomuna heiðruðu nokkrir af helstu frammámönnum læknastéttarinnar.*





*Alls 65 nýir læknar komu í íslenska markteiginn árið 2016. Átta útskrifuðust í Ungverjalandi, tveir í Danmörku og einn í Slóveníu. Fjórir útskrifuðust frá HÍ í febrúar.*

## Læknablaðið óskar nýútskrifuðum kandídötum til hamingju með áfangann!

Agnar Hafliði Andrésson
Alexander Elfarsson
Andreas Bergmann
Andri Leó Lemarquis
Andri Snær Ólafsson
Aron Bertel Auðunsson
Ásdís Braga Guðjónsdóttir
Ásdís Eva Lárusdóttir
Áslaug Baldvinsdóttir
Ástríður Pétursdóttir
Bergljót Rafnar Karlsdóttir
Bergþór Steinn Jónsson
Bjarki Stefánsson
Björn Már Friðriksson
Brynhildur Thors
Davíð Ólafsson
Edda Pálsdóttir
Elías Sæbjörn Eyþórsson
Elín Edda Sigurðardóttir
Elísabet Gylfadóttir
Ester Viktorsdóttir
Eyþór Björnsson
Gunnar Kristjánsson
Helga Marie Þórsdóttir
Hildigunnur Þórsdóttir
Hildur Baldursdóttir
Hildur Björg Gunnarsdóttir
Hildur Þóra Franklín
Hjálmar Ragnar Agnarsson
Hlynur Davíð Löve
Hlynur Indriðason
Hrafnhildur L. Runólfsdóttir
Inger Björk Ragnarsdóttir
Ívar Marinó Lilliendahl
Jan Hansel
Jónas Aðalsteinn Aðalsteinsson
Kjartan Logi Ágústsson
Kristín Hansdóttir
Kristján Hauksson
Laufey Dóra Áskelsdóttir
Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen
Linda Ósk Árnadóttir
María Isabel Smáradóttir
Móses Pálsson
Páll Guðjónsson
Ragnheiður Sigurðardóttir
Ragnhildur Hauksdóttir
Rebekka Sigrún D. Lynch
Sandra Gunnarsdóttir
Sandra Seidenfaden
Sara Lillý Þorsteinsdóttir
Sasan Már Nobakht
Sigrún Katrín Kristjánsdóttir
Sigrún Margrét Gústafsdóttir
Sigrún Tinna Gunnarsdóttir
Sigurður Ástvaldur Hannesson
Sigurjón Ragnar Rögnvaldsson
Sigurrós Jónsdóttir
Sindri Jarlsson
Sjöfn Þórisdóttir
Stefán Björnsson
Stefán Þórsson
Tinna Hallgrímsdóttir
Vigdís Sverrisdóttir
Þórdís Kristinsdóttir